



FRÉTTABRÉF

FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

Desember 2025

Gleðileg jól og farsælt nýtt ár





Rúnar við bekkinn.

Það fer ekki mikið fyrir honum en hann sker sig þó stundum úr fjöldanum enda klæddur stuttbuxum þótt urgur sé í Kára. Hann heitir Rúnar B. Þorsteinsson og kom í heiminn 20. október 1950 í sjálfri höfuðborginni, Reykjavík.

Rúnar sleit barnsskónum í Reykjavík og fór snemma að taka til hendinni á vinnumarkaðnum. Aðeins 13 ára þegar hann var kominn í vinnu hjá Snorra Halldórssyni í Húsasmiðjunni.

Vinnan í Húsasmiðjunni vatt upp á sig og ekki leið á löngu þar til okkar maður var kominn með samning uppá húsasmiðanám hjá Snorra. Húsasmiðja þeirra tíma var gjörólik því sem við þekkjum í dag. Ekki bara timbur- og verkfærabúð heldur stórtæk trésmiðja með fjölda trésmiða í vinnu.

Rúnar naut leiðsagnar reyndra jaxla í faginu en einn er honum þó sérlega hugstæður en þar var Kristján Árnason sem leiðbeindi hinum í meðferð trésmiðavéla og brýnslu hefiltanna og sagarblaða.



Í skúrnum.

Árin hjá Húsasmiðjunni urðu 20 og hann 33 ára á leið út á hinn opna vinnumarkað trésmiða en ekki leið þó á löngu uns hann fann sína fjöl eins og sagt er. Fjölin hans Rúnars var parket og parketlagnir en hann fann fljótt að parkettið var heimur sem honum líkaði vel við og nú búinn að vera á hnjónum við parakettið í liðlega fjóra áratugi. Geri aðrir betur.



Í skúrnum kennir margra grasa.

Eru hnén ekki búin? Nei aldeilis ekki enda hef ég alltaf notað hnjápuða og heyrnin er í fínu lagi því ég hef alltaf notað heyrnahlífar. Betur hefðu fleiri verið svo forsjálir sem nú glíma við heyrnarleysi og biluð hné.

Eftir áratugi í perketlögnum hefur okkar maður alfarið snúið sér að parketslípun og lökkun þó minna sé um það í dag en þó fellur alltaf eitt og eitt verk til annað slagið.

En hvar kemur trérennslis áhuginn til sögunnar? Það var nú ekki fyrir einhverntíman efir þrítugt að þessi áhugi fór að kræla á sér en svo sem ekkert af alvöru fyrr en ég komst yfir þessa tvo samliggjandi skúra mína að ég lagði leið mína til Gylfa í Handverkshúsinu og keypti mér trérennibekk. En auðvitað fellur ýmislegt til bæði af efni og hugmyndum enda hendum við handveksmenn aldrei nokkrum búi, reynum í lengstu lög að gera eitthvað úr afgangum sem falla til bæði í eigin skúr eða hjá öðrum.



Stjaki fyrir eina rós.



Rennijárn ofl.



Hultafors

Handverkfæri í úrvali





SKANNAÐU OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

vfs.is

**VERKFÆRA
SALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32A, KÓPAVOGI • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • 560 8888 • vfs.is



STJÓRN FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

ANDRI SNÆR ÞORVALDSSON, formaður / GUÐMUNDUR JÓN STEFÁNSSON (Muggi), gjaldkeri

ÖRN RAGNARSSON / MAGNÚS KRISTMANNSSON / JÚLÍANA ÓMARSÐÓTTIR

Varamenn: BJARNI ÞÓR KRISTJÁNSSON / GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

HUGLEIÐING RITSTJÓRA

Engilbert Gíslason



Enn höldum við áfram með að rýna í hugleiðingar fyrrum formanns okkar Ingólfs Gísla Ingólfssonars heitins og grípum niður þar sem frá var horfið síðast en þar segir:

Hákon Bjarnason segir í bók sinni **Ræktaðu garðinn þinn:**

„Augljóst er að trjátegundir, sem hafa slíka útbreiðslu og birkið, hljóta að hafa lagað sig að lífsskilyrðum á hverjum stað og myndað staðbundin afbrigði eða kvæmi, eins og það er nú nefnt. Má til dæmis sjá merki þess hér á landi. Þannig fellir birki úr Bæjarstaðarskógi lauf sitt hálfum mánuði síðar á hverju hausti en birki ættað úr Vaglaskógi, og gildir þá einu, hvort trén vaxa fyrir sunnan eða norðan“.

Næstum enginn litarmunur er á kjarna birkitrjáa og rysjunni. Þó er yngsta vaxtarlagið næst berkinum heldur ljósara. Af þeim u.p.b. 40 birkitegundum sem til eru á jörðinni, sem reyndar allar vaxa á norðurhveli jarðar, þekki ég aðeins fáar af eigin reynslu. Hér á landi eru taldar tvær tegundir, ilmbjörk og fjalldrapi. Þegar talað er um íslenska birkið í þessari grein er ávallt átt við **ilmbjörkina**, *L. Betula pubescens*. Heimkynni þessarar tegundar nær frá Grænlandi og Íslandi um Norður- og Mið-Evrópu austur um Síberíu til Kamtsjatka. Ilmbjörk er algengasta birk tegundin á Norðurlöndum. Danir nota gjarnan orðin dúnbirki eða mýrabirki yfir ilmbjörk. Stafar það af því hversu vel þessi tegund vex í votlendi og er raunar sú trjátegund sem fyrst er að leggja undir sig votlendi sem er að gróa upp. Aftur á móti er algengasta birkitegundin í Evrópu og sú tegund sem skilgreining viðarfræðinga nær helst til *L. Betula verrucosa*. (*B. pendula*) Mörg nöfn eru á þessari birkitegund svo sem **hengibirki**, **hvítbirki**, **vörtubirki**, **sandbirki** og **evrópubirki**. Hákon Bjarnason velur þessu birki nafni **steinbjörk** á íslensku eins og það hefur heitið í Vestur-Noregi frá ómunatíð. Nafnið vörtubirki er þannig til komið að á yngstu árssprotunum sitja harpixvörtur. Þessi tegund getur orðið allt að 30 m á hæð og 80 cm í þvermál. Aldur þess er eins og fleiri birkitrjáa sjaldan mikið yfir 100 ár. Svonefndur mósurviður er algengari í vörtubirki heldur en öðrum birkitrjám. Viður þessi er afar fallegur og eftirsóttur hvort heldur er til listsmíða eða í húsgögn, t.d. sem spónn. Mösir í birkitrjám er þekktur hér á landi undir nafninu skógarnýra. Úr því voru smíðaðar skálar, svo kallaðir möurbollar. Menn eru ekki á einu máli um hvað veldur þessum útvegi sem stundum á sér stað á stofnum trjáanna. Skýringar hafa verið nefndar eins og að tréð hafi orðið fyrir skemmdum af völdum sveppa, gerla, veira, frostskemda eða á einhvern hátt orðið fyrir áverkum. Valbjörk er annað dæmi um afbrigðilegan vöxt sem menn hafa ekki örugga vitneskju um hvað veldur. Í hengi björkinni, sérstaklega í litlum og kræklóttum trjám, myndast stundum mergblettir eða brúnar rákir, sem líkjast

mjög fuglsaughnavígindum í sykurlhlyni sem frægur er fyrir það. Sú skoðun er ríkjandi að barkarfrumu r vaxi inn í viðinn og valdi þessum lit brigðum sem líkjast mest fuglsaugum. Mörg önnur vaxtarfyrirbæri er að finna í birkitrjám sem eru gullsígildi þegar renna á fallega muni. Það sem iðnaðurinn lítur á sem skemmdir og viðarlýti getur orðið rennismiðnum dýrmæt gjöf til listsköpunnar. Nægir hér að nefna svæði kringum kvisti, vaxtarvinding í trjám, trefjaskekkju, sveipvöxt, yfirgróninga, kambvöxt og sem sveppur hefur komist í vegna raka. Reyndar er sá síðast taldi með því eftirsóttasta sem hægt er að fá í listmunagerð.

Felling og þurrkun á birkitrjám

Hjá skógræktinni á Hallormsstað fékk ég þær upplýsingar að þar vetrarfelldu menn birki ekki lengur heldur væru trén lauffelld seinni hluta sumars og látin liggja með laufinu í mánuð eða svo. Með því að fella trén fulllaufguð og láta þau liggja þannig drekkur laufið lausa vatnið úr viðnum á skömmum tíma. Laust vatn er það kallað sem fyllir holrúm viðarfrumanna. Í nýfelldu tré getur vatnið í viðnum numið allt að 50% af þunga stofnsins. Vatnið er að miklum hluta til bundið í ungviðnum (rysjuviðnum) hinum virka hluta trésins, en ekki kjarnanum. Í frumum viðarins er bæði laust og bundið vatn. Lausa vatnið er í holrúmi frumanna og gufar fyrst upp. Bundna vatnið er hins vegar í frumuveggjunum og þegar þeir eru mettaðir er talað um trefjamettunarmörk viðar. Trefjamettunarmörk birk is eru 30-35%. Það er að segja í frumuveggjunum er 30-35% vatn þegar þeir eru mettaðir. Rýrnun viðar hefst við trefjamettunarmörk hans þegar allt laust vatn er gufað upp. Þegar hér er komið verður að viðhafa fyllstu aðgæslu við þurrkun viðarins til að forðast að hann rifni og springi því það er fyrst þegar frumuveggirnir byrja að þorna sem rýrnun á sér stað. Næsta skref er að greinastífa tréð og saga stofninn í lengdir. Lengdirnar eru u.p.b. 80-220 cm allt eftir hvernig stofninn nýtist best. Því næst eru stofnarnir birtir, þó þannig að góður krugi er skilinn eftir á endum stofnanna sem hefur þann tilgang að binda stofninn saman í þurrkun og draga þannig úr hættunni á að bolurinn rifni. Trjástofnarnir eru því næst færðir í óupphitað húsnæði þar sem þar sem þeir eru helst hafðir í eitt ár. Lofttræsting þarf að vera góð en þó ekki of góð. Þorni viðurinn of fljótt rifnar bolurinn og springur. Við birkingu ber að hafa í huga að þurrktími styttest mjög eftir að borkurinn hefur verið fjarlægður og viðurinn verður ljósari er hann þornar. Engin hætta er á mislitun út frá sveppagróðri eða frá barkarsafa. Að sögn er þessi þurrkaðferð fullnægjandi til að óhætt sé að flytja stofnan inn í upphitað húsnæði til frekari þurrkunar. Það fer síðan eftir eðli verkefnanna, sem nota á efnið til, svo og sverleika stofnanna, hversu langan tíma tekur að fullþurrka viðinn. Þessi aðferð við þurrkun er hins vegar ekki algild lausn. Bæði

er að menn vilja gjarnan hafa börkinn áfastan stofninum til að gefa hlutum sínum spennandi og sérstætt útlit og eins fást við aðrar þurrkaðferðir ýmsir möguleikar til að auka á lítríki viðarins, t.d. með sveppamyndun. Hér hafa menn viðhaft ýmsar aðferðir bæði markvisst og fyrir tilviljun. Eitt atriði verða menn að hafa hugfast vilji þeir hafa börkinn fastan við viðinn en það er að trén verður að fella á haustin eftir að safarennisli er hætt. Sennilega má fella tré með þetta sjónarmið í huga fram í febrúar eða mars en það er mismunandi eftir tegund og menn ættu að hafa samráð við skógfræðinga hvað það varðar. Rétt tímasetning á fellingu trjána nægir þó ekki ein til að tryggja að börkurinn flagni ekki af viðnum. Sannast sagna gengur oft dálítið brösótt að halda berkinum en mér hefur gengið þetta best við mjög hæga þurrkun. Trausti Óskarsson trér ennismíður segir mér að hann geymi trjástofnana í minnst hálft ár úti áður en hann setur þá í kalda geymslu. Loftun þarf að vera nokkur en ekki of mikil. Við þessi skilyrði geymir Trausti viðinn helst í tvö ár. Eftir það er hægt að renna beint í viðinn eða setja hann í hlyrra húsnæði án þess að hætta sé á að hann rifni eða springi. Börkurinn er þá yfirleitt sæmilega fastur á. Menn verða að hafa það hugfast að viðurinn verður mun dekkri með þessari meðhöndlun þeirri sem áður er lýst. Þess utan myndast oft grágeit og mislitun við þessa aðferð

sem getur eftir atvikum bæði verið kostur og galli. Sjálfur hef ég gert nokkrar vel heppnaðar tilraunir til að fá í viðinn lítríki með sveppamyndun. Sem kunnugt er þá finnst mörgum slíkur viður taka öllu öðru fram í sérstæðu útlit. Vandinn er hér að sveppamyndunin komist ekki á það stig að hún sé farin að eyðileggja tréð, hún má ekki ganga of langt. Mín reynsla er að þær breytingar sem verða við sveppamyndun í birkitrjám verði lang áhrifamestar sé börkurinn á trjánum. Það bendir til þess að í votan viðinn dragist ýmiss efni úr berkinum sem lita hann, í berkinum eru meðal annars olíur og súturnefni sem væntanlega hafa sín áhrif.

Ég hef ekki skráð þessar tilraunir mínar og því gætir kannski talsverðrar ónákvæmni í þessum upplýsingum mínum en ég hef í árána rás elt uppi tré sem verið er að fella. Eins hefur hlaupið á snærið hjá mér þegar óveður hefur fellt góð tré jafnvel í stórum stíl eins og dæmi eru til um. Eftir að hafa greinastýft trén tek ég hluta þeirra og geymi úti við, í regni og stormi í allt að eitt til tvö ár. Hér skiptir gildleiki trjána máli svo og hátt vætustig sérlega í byrjun tímans. Næsti áfangi er að geyma þau á þurru en köldum stað helst í nokkra mánuði áður en þau eru tekin í hóflega upphitað hús. Á þessu stigi er hægt að renna úr efninu, ef aðgæslu er gætt við þurrkun, en fullþurrir verða gildir stofnar ekki fyrr en eftir 2 - 3 ár.

Úrval af handverkfærum,
handfræsitönnum, sandpappír o.fl.



HEGAS

HEGAS | Smiðjuvegi 1 | 200 Kópavogur | hegas.is



FRÉTTABRÉF
FÉLAGS
TRÉRENNISMIÐA
Á ÍSLANDI

Ritstjóri: Engilbert Gíslason
Pistlahöfundar: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson
Ljósmyndir: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson
Umbrot & Prentun: Prentun.is • Bæjarhrauni 22

RENNNISMIÐIR HEIMSÆKJA ÍRLAND

Höf. Örn Ragnarsson



Í sumar barst boð frá Írlandi. Írska trérennismiðasambandið ætlaði að halda sitt árlega seminar í bænum Tullamore. Já, rétt tilgetið. Það er þar sem hið ágæta Viský Tullamore Dew er framleitt.

Ekki að það hafi verið sérstök hvatning. Nei, írska sambandið bauð íslenskum rennismiðum að koma og vera með. Þetta boð var í beinu framhaldi af heimsókn okkar manna til Englands árið áður en þar kynntumst við Írunum. Það voru sex galvaskir rennismiðir ofan af Íslandi sem flugu með Icelandair til Dublin. Þetta voru þeir Þórir Kristmunds, Lýður Guðmunds, Brynjólfur Garðars, Björgvin Júl og Júlíana Ómars og svo undirritaður Örn. Í Dublin beið okkar taxi af stærra taginu. Bílstjórinn Brian var bara hress og spjallaði við mig á leiðinni en ég hafði frekjust í framsætið.



Hópurinn.

Ég skildi hann reyndar ekkert sérlega vel því írski hreimurinn þvældist nokkuð fyrir mér. En hvað um það, hann skilaði okkur á hótelið Tullamore Court á einum og hálfum tíma sem þýddi að við vorum nokkuð snemma. Bara tvö herbergi tilbúin. Auðvitað herbergið mitt og Þóris. Fengum að skjóta farangri hinna inn á þessi tvö herbergi. Ákváðum að fara í gönguferð og fá okkur snarl á næsta pöbb. Þetta var smálabb en pöbbinn fannst. Allir fengu sér Guinness sem er jú þjóðardrykkur Íra. Allir fengu það sem þeir pöntuðu en Lýður áttaði sig á að hann borðaði ekki pasta. Björn bjargaði málum með því að skipta við hann. Um kvöldið var hins vegar dinner með nautakjöti og alles. Fékk einkunnina: Þokkalegt. Ekki var hægt að fara að sofa án þess að smakka Tullamore viský. Valdi 12 ára sopa því 18 ára var ekki til. Var ekkert sérstakt.


Á laugardagsmorgun hófst veislan. Við Íslendingarnir skiptum liði. Ég fylgdist með Kanadamanninum Art Liestman fara yfir verkefnið "The lost wood project". Mér fannst það áhugavert

en það fjallaði að mestu um rennsli þar sem miðjan er fjarlægð til að búa til ávalar samhverfur. Ætla að prófa þetta við tækifæri.

Næst var það Seamus Cassidy, írskur nagli. Hann renndi lampafót, all háan með fæti og legg með krúsíðúllum. Hann kenndiaðferðirviðaðgeraháangóflampa. Kannskimáprófaþetta líka. Þá var komið að matarhléi - hádegismat. Var nokkuð seinn í röðina en að lokum var komið að mér. Ég valdi karrýkjúkling sem var eins gott því Þórir hafði valið fisk, lýsing, en hann var fullur af beinum, sko fiskurinn ekki Þórir. Hann skipti þá yfir í kjúklinginn en þá var sósan of sterk. Annars leið matarhléið nokkuð ljúflega. Þá var komið að Hollendingnum Roland Kanne.



Lampafótur, dæmigert spindilrennsli.



Írski gestakennarinn með hjámiðju.

Hann sýndi fram á að það skiptir máli að skipuleggja hvert skref ef verkefnið er að framleiða mörg eintök af sama hlutnum. Í þessu tilfelli var það diskur (plate). Það var áhugavert að sjá alls kyns leiðir til að stytta framleiðslutíma án þess að fórna gæðum. Mikilsvert væri að skera niður sekúndur hér og þar í ferlinu. Hann sagðist gjarnan framleiða svona diska fyrir veitingahús sem væru til í að borga hátt verð. Verst að hér heima á Íslandi er ekki mikið um svona verkefni.

Efnið sem hann notaði í þessa diska heitir limba sem er afrískur viður. Að lokum þennan daginn var komið að gestarennismið. Hann var nafnlaus þar til kennslan hófst. Hógvær Íri sem kunni sitt handverk. Fjallaði um hjámiðjurennisli sem var skemmtilegt og opnaði mér nýja sýn á þetta fyrirbrigði sem við þó könnumst við. Ég man ekki nafnið á manninum en Lýður man það örugglega. Það styttist í kvöldverð sem auglýstur var sem Gala dinner. En áður en að honum kom fékk ég mér einn Guinness enda klukkan orðin fimm.

Við Björn hittum í dag tvo menn sem kynntu sig sem fulltrúa breska rennismiðasambandsins. Þeir könnuðust vel við að Íslendingar hefðu tvisvar mætt á seminar í Yarnfield.

Þeir voru líka afar spenntir fyrir því að Íslendingar kæmu á næsta seminar breska sambandsins sem verður haldið í Stratford upon Avon. Þeir segja að staðurinn sé miklu skemm tilegri en Yarnfield og bjóði upp á að hafa maka með í för. Þeir vilja meina að makar geti haft nóg fyrir stafni meðan við sökkvum okkur niður í rennslíð. Ég hlakka til skoða þetta nánar. Að taka þátt í svona viðburði skapar tengsl, hugmyndir og gleði. Maður er manns gaman.

Seinni dagur. Upp úr klukkan sjö morgunverður. Nú var vandi á höndum. Hvað á maður að velja? Niðurstaðan var að horfa á Gregory gera ostruskál. Það er skál með tveim miðjum, enginn fótur. Hjámiðja og alls konar. Nú þetta var áhugavert en ég hugsa að ég láti svona eiga sig í bili. En þetta tókst hjá honum. Einnig sýndi hann okkur hvernig maður rennir kúlu á örfáum mínútum. Næsti tími var líka hjá Gregory. Núna var það "Bowl in a log". Dálítið hættulegt og krefst hjálpartækja "jigs". Mætti prófa þetta einhvern tímann. Að lokum fylgdist ég með fransmanninum Pierre Cornelis. Hann sýndi hvernig átti að gera box með löngu loki. Satt best að segja var þetta lakasta sýningin. Mestu vandkvæðin voru þau að Pierre er afar illa mæltur á ensku og átti erfitt að koma til skila aðferðum sínum. En box eru alltaf box og þarna bættist smávægis í viskubankann.

Seminarinu lauk svo með sameiginlegri máltíð. Að venju voru fluttar þakkarræður og svoleiðis en endaði svo á því að dregið var í tombólunni. Ýmsir góðir vinningar voru í boði en við Íslendingarnir fengum engan vinning. Tombóla þessi er hluti af fjáröflun félagsins. Rétt er að geta þess að á svona



Sýningargripur í opnum flokki.



Þessi vann aðalverðlaunin, ekki bara rennslí.

seminari fer fram umtalsverð sölustarfsemi. Þarna voru þekkt fyrirtæki eins og Robert Sorby og Simon Hope.

Hægt var að kaupa verkfæri af ýmsu tagi, yfirborðefni, rennivið og alls konar. Júlíana keypti til dæmis einhver ósköp af sveppuðu beiki. Þá var glæsileg sýning á gripum sem félagsmenn höfðu gert. Veitt voru verðlaun fyrir bestu gripina í hinum ýmsu flokkum. Það er rétt að geta þess að 14 ára drengur fékk ein þrenn verðlaun. Ekki er nokkur vafi á að svona heimsóknir eru gefandi, bæði fyrir gestina og gestgjafana. Núna liggur fyrir að við eigum heimboð næsta haust bæði á Englandi og á Írlandi. Nú er um að gera byrja að hlakka til.



NÁMSKEIÐ

BRÝNSLA

RENNIJÁRN

RENNIBEKKIR

PATRÓNUR

ÍHLUTIR

YFIRBORDSEFNI

**HANDVERKS
HÚSIÐ**

TRÉRENNSLI HEFUR VERIÐ OKKAR ÆR OG KÝR SÍÐAN 1996

HANDVERKSHÚSIÐ RAUÐAGERÐI 25
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 12-16
ALLTAF OPIÐ Á HANDVERKSHUSID.IS

JÓLIN KOMA

Jólakveðja ritstjórnar



Kæru félagar.

Á jólaföstu leiðum við gjarnan hugann frá dagsins amstri og fáum notið góðra stunda með fjölskyldu og vinum. Jólafastan opnar gjarnan hugann til góðra verka og hugurinn leitar til þeirra sem minna mega sín.

Það er dýrmætt að eiga tímabil á lífsleiðinni þar sem við náum að færa hugann aðeins frá amstri hversdagsins og líta til lítilmagnans. Kertaljósín hlýjuðu og veittu birtu í hús forfeðra okkar og enn sækjumst við eftir aukinni hlýju og birtu en nú með rafmagnsljósum. Rafmagnsljósum sem lýsa húsakynni bæði úti og inni og við finnum hvað birtan gefur okkur mikla gleði og styttr skammdegið svo um munar. Megi ljós jólanna skína í huga og hjörtum okkar um alla tíð.

Ritstjórn óskar ykkur og fjölskyldum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

FORMANNSÁSKORUN JANÚAR 2026

TVÆR VIÐARTEGUNDIR

UM ÁSKORUNINA:

- Fyrir félaga sem greitt hafa árgjald
- Verkefnið rennt í des '25 / jan '26
- Þetta er ekki keppni
- Koma með verkefnið á fund 31. jan.
- Allir þátttakendur fara í pott og vinningshafi er dreginn af handahófi
- Allir fá sitt nafn einu sinni í pottinn, óháð fjölda verkefna sem voru rennd.
- Allir hafa því jafna möguleika, byrjendur sem og lengra komnir

Eitthvað rennt, tvær
viðartegundir notaðar...
möguleikarnir eru
endalausir!

Vinningshafi verður
dreginn á janúarfundi
og fær glaðning.

FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

SÉÐ Á GLUGGA HANDVERKSMANNSINS



Allt á sínum stað.



Hér líka.



Þvingur.



Spæninir.



Allt á sínum stað.



Fleiri járn.



Nög af verkfærum.




Fundir félagsins eru sendir út á netinu og þá má finna á Facebooksíðu félagsins: **Félag trérennismiða**

Röggi ehf.

Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is
Þjónusta við lőnađinn


Lofpressur, trésmíðavélar, borvélar, Rennibekkir Bandsagarblöð, sagarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporjárn.

Öllverð á heimasíðu www.roggi.is

Asborg

Við erum flutt í Grafarvog, hlökkum til að sjá ykkur!

Gulfaflöt



Siġna Faġst

www.signa.is / signa@signa.is / 544 4545 / Bæjarflöt 19, 112 Rvk

BYKO

**FÉLAGI Í
FRAM
KVÆMDUM
%**



Skráðu þig hér
Allar upplýsingar á byko.is

**30% INNIMÁLNING
25% HARÐPARKET
25% FLÍSAM
25% LJÓS & RAFMAGN
25% BAÐINNRETTINGAR
25% INNIHURÐIR
10% HEIMILISVÖRUR
10% BYKO LEIGA
OG FJÖLDI ANNARRA VÖRUFLOKKA**

VIÐ VILJUM AUÐVELDA ÞÉR LÍFIÐ
Í **FRAMKVÆMDUM!** VIÐ VITUM
HVAÐ ÞÚ ÞARFT TIL ÞESS AÐ **BREYTA,
BÆTA EÐA FEGRA HEIMILIÐ.**
VIÐ HÖFUM ÞVÍ SETT SAMAN
SÉRSTAKAN AFSLÁTT FYRIR ÞIG.

Þú sérð alla þína afsláttarflokka á mitt.byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN